



Kópavogi, 6. maí 2021
2104747/510.03 BR

Álfhólsvegur 29. Umsögn gatna- og framkvæmdadeildar Kópavogs vegna tengingu við veitur

Til stendur að byggja 3ja hæða fjölbýlishús með 6 íbúðum, 2 á hverri hæð að Álfhólsveg 29. Á lóðinni er 84,4 m² einbýlishús byggt úr timbri árið 1942 ásamt 42,2 m² bílskúr.

Fráveita

Ekki er hægt að tengja fráveitu frá 1. hæð að lagnakerfi í Álfhólsveg vegna hæðarmunar nema koma fyrir dælubrunn. Núverandi lagnir eru einfaldar þ.e. bæði fyrir regnvatn og skólpvatn liggja milli Álfhólsvegar og Löngubrekku og tengjast við tvöfaldar lagnir í Löngubrekku. Ástand er óvitað en gera má ráð fyrir því að ástandið sé óviðunnandi og þörf sé að auka þvermál lagna fyrir 6 íbúðir. Þetta mun kosta rask á aðliggjandi lóðum.

Ekki er mælt með því að húsið tengist við einfaldar lagnir þar sem stefna Kópavogs í fráveitumálum er að hafa allar lagnir tvöfaldar.

Vatnsveita

Tengt yrði við götulögn í Álfhólsveg. Þörf er á að endurnýja og stækka heimæð. Mælst er til að tengipunktur í húsunum verði sem næst Álfhólsveg. Rjúfa þarf Álfhólsveg til að koma tengingunni fyrir.

Rafveita

Ljósastaur er þar sem samkvæmt teikningum er gert ráð fyrir bílastæðum. Fyrirkomulag stæðanna samkvæmt teikningu gerir ekki ráð fyrir að hægt sé að færa staurinn til, þar sem stæðin taka upp allt götupláss.

Hitaveita

Núverandi hitaveitulögn liggur samhliða núverandi vatnsveitulögn. Endurnýja og stækka þarf hitaveitulögn fyrir nýbyggingu. Rjúfa þarf gangstétt framan við húsið við endurnýjun.

Virðingarfyllt,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar